

8. Þá skal og fengin skýrsla um krufningu á líki Bolla heitins, ef hún hefur verið framkvæmd.

Loks skal rannsaka öll þau atriði, sem framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómara ber að framkvæma rannsókn þá, sem að ofan greinir. svo fljótt sem verða má.

Föstudaginn 22. júní 1945.

Nr. 70/1944. Sjúkrasamlag Reykjavíkur (Gunnar J. Möller) gegn

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna

(Sigurður Ólason).

Setudómari hrl. Sveinbörn Jónsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. maí 1944 og krafizt sýknu af kröfum stefnda í málinu svo og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Yfirlýsing fyrrverandi félagsmálaráðherra, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, getur engu ráðið um úrslit þessa máls. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, greiði stefnda,

stjórnarnefnd ríkisspítalanna, kr. 800.00 í málskostnað. fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur skrifstofa ríkisspítalanna, hér í bæ, höfðað gegn Sjúkrasamlagi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 22. nóvember f. á. til greiðslu svonefndra fæðing-arstofugjalda við Landsspítalann árin 1940, 1941 og 1942, samtals að fjárhæð kr. 12735.00 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 3930.00 frá 1. jan. 1941, af kr. 4680.00 frá 1. jan. 1942 og af kr. 4125.00 frá 1. jan. 1943, allt til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu. Við hinn munnlega málflutning gerði stefnandi þá *varakröfu*, að stefnda yrði dæmt til að greiða kr. 10770.00 ásamt vöxtum og málskostnaði og þá *þrautavarakröfu*, að samlagið yrði dæmt til að greiða kr. 8805.00 með 5% ársvöxtum af kr. 4680.00 frá 1. jan. 1942 og af kr. 4125.00 frá 1. jan. 1943 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málavextir eru þessir:

Er stefnda tók til starfa samkvæmt ákvæðum þágildandi alþýðu-tryggingarlaga nr. 26/1936, leitaði það m. a. samninga við sjúkrahús hér í bænum um gjöld fyrir vist samlagsmanna á sjúkrahúsunum. Kveðst það þá þegar frá upphafi hafa lagt kapp á að fá ákveðið eitt fast gjald fyrir allan kostnað við dvöl samlagsmanns á hverju sjúkrahúsi og reynt að komast hjá öllum aukagjöldum í því sambandi, enda hafi slíkt verið og sé eitt af skilyrðunum fyrir öruggum rekstri samlagsins. Þannig gerði samlagið t. d. samninga við sjúkrahúsið Sólheima og St. Jósepsspítala, hér í bæ, (dags. 13. apríl og 14. júní 1937), þar sem ákveðið var daggjald fyrir sjúkrahúsvistina, og í daggjaldi þessu fólst allur kostnaður vegna dvalarinnar. Samlagið leitaði einnig samninga við sjúkrahús ríkisins, þ. á m. Landsspítalann, og var stjórnarnefnd ríkisspítalanna í fyrirsvari við þær samningsumleitanir (sbr. 9. gr. laga nr. 30/1933), en stefnandi virðist koma fram fyrir hönd þeirrar nefndar í máli þessu. Á fundi, sem stjórn stefnda hélt þann 22. des. 1936, var lagt fram tilboð frá nefndinni (frá 19. s. m.) um daggjöld á ríkisspítölunum (6 kr. á dag) og var þar fram tekið, að í daggjaldinu fælist læknishjálpi, þar með taldar „röntgen“- og ljóslækningar, lyf og venjulegar sáraumbúðir. Greiðsla skyldi fara fram mánaðarlega eftir á, og uppsagnarfrestur vera 6 mánuðir af beggja hálfu, miðað við 30. júní og 31. des. ár hvert. Á fundi sínum 30. des. 1936 samþykkti stjórn stefnda að ganga að tilboði þessu sem bráðabirgðasamningi, og virðast skipti aðiljanna að þessu leyti hafa

farið fram í samræmi við samning þenna árin 1937 og 1938. Var þá ekki um nein frekari gjöld að ræða, þ. á m. ekki neitt sérstakt fæðingarstofugjald, þótt gert væri ráð fyrir því í fjárlögum fyrir þessu ár, að Landsspítalinn hefði tekjur af slíkum gjöldum. Með bréfi dags. 24. des. 1938 tilkynnti stjórn ríkisspítalanna stefnda, að samlaginu gæfist kostur á daggjöldum í Landsspítalanum, kr. 6.50 fyrir fullorðna og kr. 4.50 fyrir börn, og var jafnframt tekið fram, að skurðstofu- og fæðingarstofugjald væri innifalið. Stjórn stefnda samþykkti þetta tilboð á fundi sínum 9. jan. 1939, og virðast þau kjör síðan hafa gilt árið 1939. Með bréfi dags. 28. des. 1939 tilkynnti stjórnarnefnd ríkisspítalanna stefnda, að hún sæi sér ekki fært að gefa samlaginu kost á sömu kjörum lengur en til næstu áramóta (1939—1940), því að fyrrsjáanlegt væri, að rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna mundi hækka og því líklegt, að daggjöldin yrðu einnig að hækka. Virðist hafa verið gert ráð fyrir, að daggjöld í Landsspítalanum þyrftu af þessum sökum að hækka í kr. 7.50, en tilmæli komu frá stefnda um lækkun, og með bréfi dags. 8. febrúar 1940 ákvað ráðuneytið, að daggjald skyldi vera 7 kr. fyrir fullorðna og 5 kr. fyrir börn til ársloka 1940. Tilkynnti stjórnarnefnd ríkisspítalanna stefnda þetta í bréfi dags. 20. febrúar 1940, en í því bréfi tók nefndin það fram, að konum, sem fæddu í Landsspítalanum, bæri auk daggjaldanna að greiða fæðingarstofugjald, en skurðstofugjöld hefðu verið „felld niður“, eins og það er orðað. Í bréfi dags. 26. febrúar 1940 fór stefnda þess á leit við ráðuneytið, að það felldi niður umrætt fæðingarstofugjald, enda hefði það aldrei verið greitt áður. Ráðuneytið leitaði um-sagnar stjórnarnefndar ríkisspítalanna um erindi þetta (þann 5. marz 1940), og þann 20. apríl s. á svaraði nefndin ráðuneytinu á þá lund, að vakin var athygli á, að hin „umbeðna undanþága“ næmi um „3—4 þús. kr. á ári“. Ráðuneytið virtist ekki hafa afgreitt þetta mál bréflega, en hins vegar liggur fyrir í málinu vottorð frá Guðmundi Í Guðmundssyni hrl., formanni Sjúkrasamlagsins, þar sem hann skýrir svo frá, að svo hafi samizt milli sín og þáverandi félagsmálaráðherra, Stefáns Jóh. Stefánssonar hrl., á öndverðu ári 1940, að umrætt fæðingarstofugjald skyldi falla niður og ekki greiðast af hálfu Sjúkrasamlagsins eða samlagsmanna til Landsspítalans. Hafi ráðherrann lofað að senda samlaginu bréflega staðfestingu á þessu samkomulagi, en þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um, að svo yrði gert, hafi sú staðfesting ekki komið. Hefur Stefán Jóh. Stefánsson einnig vottað, að rétt sé frá skýrt í framangreindri yfirlýsingu Guðmundar Í. Guðmundssonar. Stefnda hefur síðan ekki fengizt til að greiða fæðingarstofugjöld þessi, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur í þá átt, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

Fæðingarstofugjöld árið 1940	kr.	3930.00
——— — 1941	——	4680.00
——— — 1942	——	4125.00
Alls		kr. 12735.00

og er enginn ágreiningur um hina tölulegu hlið kröfunnar.

Stefnandi heldur því fram, að umrædd fæðingarstofugjöld séu með öllu óviðkomandi daggjöldunum og tekin til að standast aukakostnað í sambandi við fæðingar. Gjöld þessi hafi frá upphafi verið ákveðin 15 kr. fyrir hverja fæðingu, og hafi þau ekki verið hækkuð, þrátt fyrir aukna dýrtíð. Fyrst eftir að hið stefnda sjúkrasamslag hafi verið stofnað, hafi það fengið uppgjöf á greiðslu þessara gjalda, en sú undanþága hafi fallið niður í árslok 1939, og hafi verið tilkynnt stefnda í áðurgreindum bréfum frá 28. des. 1939 og 20. febrúar 1940. Kveðst stefnandi ekki vita til, að stefnda hafi síðan fengið neina undanþágu í þessu efni, enda er áður nefndum vottorðum Guðmundar Í. Guðmundssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar mótmælt sem þýðingarlausum fyrir mál þetta, þar sem málið hafi ekki fengið formlega afgreiðslu af hálfu félagsmálaráðuneytisins, og þar á meðal hafi fjármálaráðuneytið ekki samþykkt uppgjöf þessa, eins og nauðsynlegt hafi verið.

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því, að sá samningur milli málsaðilja, er felist í fyrrnefndum bréfum og samþykktum frá 19., 22. og 30. des. 1936, sé enn í fullu gildi, þar sem honum hafi ekki verið sagt upp, en í samningnum hafi verið gert ráð fyrir því, að allur aukakostnaður, þar á meðal vegna fæðinga, væri tekinn með í hinu svonefnda daggjaldi og samlaginu bæri því ekki að greiða neitt annað gjald til stefnanda vegna vistar samlagsmanna í Landsspítalanum. Aðiljar hafi aldrei síðan samið um neina breytingu á samningnum að þessu leyti, hvað þá heldur, að stefnda hafi einhliða skuldbundið sig til slíkrar aukagreiðslu. Hér við bætist, að æðsti yfirmaður sjúkrahússins, félagsmálaráðherra, hafi á bindandi hátt felld niður hin umdeildu gjöld, og það án þess að sú niðurfelling væri bundin við neitt ákveðið tímabil.

Í fjárlögum hvers árs eru tilgreind þau útgjöld, sem talið er, að rekstur sjúkrahúsa ríkisins hafi í för með sér á árinu, svo og þær tekjur, sem sömu stofnunum hlotnast á sama tíma. Í fjárlögum fyrir árin 1937, 1938 og 1939 er þannig m. a. gert ráð fyrir tekjum af skurðstofu- og fæðingarstofugjöldum við Landsspítalann, en þrátt fyrir það var hið stefnda sjúkrasamslag ekki látið greiða slík gjöld fyrir þessi ár samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um, eins og áður er rakið. Í fjárlögum fyrir árin 1940, 1941 og 1942 er hins vegar ekki gert ráð fyrir tekjum af skurðstofugjöldum við Landsspítalann, en tekjum af fæðingarstofugjöldum, eins og áður. Með

tilliti til þessa, og þar sem umrædd fæðingarstofugjöld geta ekki talizt falla utan þeirra gjalda, er sjúkrasamlög greiða til sjúkrahúsa samkvæmt alþýðutryggingarlögum, þykir verða að lita svo á, að stefnda hafi eigi getað búizt við að komast hjá greiðslu gjalda þessara, nema sérstaklega væri um það samið. Kemur þá til álita, hvort sá samningur málsaðilja, er felst í áðurnefndum bréfum og samþykktum frá 19., 22. og 30. des. 1936 svo og bréfi stefnanda frá 24. des. 1938 — og fól í sér lausn frá greiðslu fæðingarstofugjalda fyrir árin 1937, 1938 og 1939 — sé enn þá í gildi. Er þess þá fyrst að geta, að samkvæmt samþykkt stjórnar stefnda þann 30. des. 1936 var hér aðeins um „bráðabirgðasamning“ að ræða. Í nefndu samkomulagi aðiljanna var gert ráð fyrir 6 mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu, miðað við 30. júní eða 31. des. ár hvert. Ákvæðunum um upphæð daggjaldanna virðist að visu allmörgum sinnum hafa verið breytt — og þá miðað við almanaksárið, — án þess að þessara uppsagnarákvæða hafi verið gætt. Þrátt fyrir það þykir þó ekki verða staðhæft, að nefnt ákvæði um uppsögn sé fallið niður í skiptum aðiljanna, og er þá athugandi, hvort eða hvenær uppsögn á nefndu samningsatriði hafi farið fram. Verður ekki séð, að yfirlýsing af hálfu stefnanda, er geti skoðast sem uppsögn að þessu leyti, hafi komið fram fyrr en í bréfi stefnanda frá 20. febrúar 1940. Þar af leiðir, að nefnt ákvæði var ekki fallið úr gildi fyrir uppsögn fyrr en þann 1. jan. 1941, og verður stefnda því ekki talið eiga að greiða fæðingarstofugjöld fyrir árið 1940. Hér við bætist, að þáverandi félagsmálaráðherra virðist hafa fallizt á, að umrædd gjöld féllu niður, en með tilliti til þess, að uppgjöf ráðherra á gjöldum til ríkisspítalanna að nokkru eða öllu virðist jafnan hafa verið bundin við eitt almanaksár í senn, eins og ákvörðunin um þessar tekjur sjúkrahúsanna í fjárlögunum, þá þykir ekki verða talið, að stefnda hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að nefnd uppgjöf af hálfu ráðherra hefði viðtækara gildi, enda var og í fjárlögum næstu ára (1941 og 1942) gert ráð fyrir þessum gjöldum til Landsspítalans. Sýknukrafa stefnda þykir því ekki hafa við rök að styðjast, og ekki heldur *aðal-* eða *varakrafa* stefnanda, en sú síðarnefnda byggist á því, að umræddu samningsatriði hafi verið löglega sagt upp, miðað við 30. júní 1940. Hins vegar verður *þrautavarakrafa* stefnanda tekin til greina, en hún felur í sér fæðingarstofugjöld fyrir árin 1941 og 1942. Ber stefnda því að greiða stefnanda kr. 8805.00, með vöxtum eins og krafizt er, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Árni Tryggvason settur borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, greiði stefnanda, skrifstofu rikisspítalanna, kr. 8805.00 með 5% ársvöxtum af kr. 4680.00 frá 1. jan. 1942 og af kr. 4125.00 frá 1. jan. 1943, hvorttveggja til greiðsludags, svo og kr. 500.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1945.

Nr. 109/1944. **Jón Jóhannesson** (Garðar Þorsteinsson).

gegn

Aage Schiøth (enginn).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Stefndi, sem hefur löglega verið birt áfrýjunarstefna í máli þessu, útgefin 7. september 1944, hefur hvorki sótt né látið sækja þing í hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefur gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 322.41 með 6% ársvöxtum frá 22. des. 1943 til greiðsludags og málskostnað bæði í hér- aði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur eftir uppsögn héraðsdóms gefið aðilja-skýrslu fyrir dómi. Kveðst hann hafa skoðað bát þann, sem greinir í málinu, eftir að hrl. Garðar Þorsteinsson varð fyrir hans hönd hæstbjóðandi að bátnum á uppboði 15. september 1939. Stefndi fól samt Garðari Þorsteinssyni hvorki, svo séð verði, að leysa haldsréttarkröfu þá, er á bátnum hvíldi, né fékk honum fé til þess. Þegar þessi atvik málsins eru virt, verður ekki talið, að stefndi hafi leitt rök að því, að Garðar hafi með vanrækslu eða aðgerðarleysi valdið honum tjóni.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýj-